

30. janúar 1969.

203

Nr. 10.

## FORSETA BRÉF

er kveður Alþingi til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 89. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar föstudaginn 7. febrúar 1969, kl. 14.00.

*Gjört að Bessastöðum, 30. janúar 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

11. marz 1969.

Nr. 11.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Háls múm næst Fnjóská, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkv. mati dómkvaddra manna. Undanskilinn við sölu er veiðiréttur í Fnjóská. Andvirði hins selda lands skal verja í þágu prestssetursins í samráði við sóknarprest og héraðsprófast.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. marz 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*